

L Ö G

um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum,
nr. 5 13. febr. 1976.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði, er verði ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Áður en útflutningsgjald er lagt á skv. 2. gr. skal draga frá f.o.b.-verðmæti saltsildar framleiddrar á sildarvertíð 1979 krónur 10 100 fyrir hver 100 kg innihalds vegna umbúðakostnaðar og kostnaðar við sérstök hjálparefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum 31. desember 1979.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Kjartan Jóhannsson.